

FLOKKURINN

STEFNAN

AÐILDARFÉLÖG

UMRÆÐA

FRÉTTIR



Markmið **SAMSTÖÐU flokks lýðræðis og velferðar** er samfélag þar sem nægilegur jöfnuður ríkir til að einstaklingar geti þroskast á eigin forsendum og hafi sem jafnasta möguleika til virkrar þátttöku í lýðræðislegri ákvarðanatöku í nærsamfélaginu og samfélaginu í heild. **SAMSTAÐA** berst gegn fákeppni í atvinnulífnum og vill tryggja atvinnufrelsi einstaklinganna.

Skráning

22  
Apr

## Frumvarp stjórnlagaráðs óásættalegt

## Nýjasta efnið

Ívar Jónsson skrifar:



Ívar Jónsson

Á Alþingi er nú til umfjöllunar skjal sem kallað er frumvarp til stjórnskipunarlag. Skjalið kemur frá hópi fólks sem kosið var í ólöglegru kosningu til svokallaðs stjórnlagabings árið 2010 en var skipað 2011 af Alþingi í svonefnt stjórnlagaráð með stuðningi 30 þingmanna. Hópnun var falið að setja saman ráðgefandi tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Margir bundu miklar vonir við að frá hópnun kæmu tillögur sem myndu efla lýðræði og völd almennings. Sú hefur ekki orðið niðurstaðan og munu tillögur hópsins grafa undan lýðræði verði þær að veruleika. Hér að neðan verða nokkur dæmi nefnd.

Í 41. og 42. grein „frumvarpsins“ er fjallað um kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Þar er gert ráð ráð fyrir að þessi réttur verði bundinn við íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili á Íslandi. Þetta er í samræmi við núverandi stjórnarskrá. Verði þessi grein innleidd í nýja stjórnarskrá Íslands munu þúsundir íslenskra ríkisborgara með fasta búsetu erlendis sem flúið hafa land í atvinnuleit verða sviptir kosningarétti og kjörgengi til Alþingis.

Í 90. gr. er gert ráð fyrir að forsætisráðherra sé kosinn af Alþingi og hann fái viðtæk völd til að ákveða skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skipta störfum með þeim. Ráðuneyti skulu þó aldrei vera fleiri en 10. Þessi auknu völd forsætisráðherra hafa þann tilgang að auka foringjaræðið í íslenskum stjórnámálum og ganga þvert á hugmyndir t.d. Vilmundar Gylfasonar um að forsætisráðherra sé kosinn beinni kosningu af kjósendum. Slíka hugsun vantar í „frumvarpið“.

Í 91. gr. er gert ráð fyrir tæknilegri hindrun þegar bornar eru upp vantrauststillögur á forsætisráðherra á Alþingi því ætlast er til að í vantrauststillögunni felist tillaga um eftirmann hans.

Í 101. gr. er fjallað um hæstarétt. Í þessa grein vantar tillögu um aukið lýðræði eins og t.d. er gert í grundvallarstefnuskrá SAMSTÖÐU flokks lýðræðis og velferðar (SFLV). Þar er gert ráð fyrir kosningu hæstaréttardómara í almennum kosningum.

113. Grein „frumvarpsins“ um stjórnarskrárbreytingar er hrollvekjandi. Þar er gert ráð fyrir að slíkar breytingar fari í þjóðaratkvæðagreiðslu, nema ef 5/6 hlutar Alþingismanna samþykki þær. Þá þarf enga þjóðaratkvæðagreiðslu, jafnvel þótt innan við 10% þjóðarinnar treysti ekki þessu fólki eins og nú á við. Í þessum efnunum stangast „frumvarpið“ á við grundvallarstefnuskrá SFLV.

**Þjóðaratkvæðagreiðslur, afsal lands og réttinda**

Í 110. gr. er talað um að ráðherra geri þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Hann getur þó enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fölgjandi afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til. Þessi grein stangast á við þá grundvallar lýðræðiskröfu að afsal af þessu tagi sé borið undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu líkt og krafist er í grundvallarstefnuskrá SFLV. Hafa verður í huga að á tímabilum er Alþingi rúð nánast öllu trausti kjósenda.

Í 34. gr. er gert ráð fyrir að náttúruauðlindir, sem ekki eru í einkaeigu, séu sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Land er hér ekki talið til náttúruauðlinda eins og gert er t.d. í hagfræði. Þ.a.l. er ekki girt fyrir eign erlendra aðila á landi. Þetta er í andstöðu við grundvallarstefnuskrá SFLV en þar segir „SAMSTAÐA vill að landið og aðrar auðlindir Íslands verði í eigu landsmanna enda er það forsenda fullveldis þjóðarinnar“.

- Aðildarviðræðuferlið sundrar þjóðinni á tímum sem kalla á samstöðu
- Lánamál heimilanna eru látin reka á reiðanum
- Jón Helgi Egilsson leiðir annan fundinn í fundaróðinni: Fjármálastefnan og framtíðin
- SAMSTÖÐUfréttir sendar út í annað skipti
- Það er þörf fyrir samstöðu
- Sérfræðingaræði gegn lýðræði
- Bloggarar meðal stjórnarliða SAMSTÖDU
- Misnotkun á pólitískum hugtökum stendur í vegi fyrir alvöru breytingum
- Aðgerðarlaus verkalýðsforysta
- Frjálst flæði fjármagns er stærsta ógæfa þjóðarinnar
- Ungliðahreyfing SAMSTÖDU auglýsir
- Skiptigengisleiðin skapar samstöðu
- Hátiðarkveðjur til heiðurs þeim sem barist hafa fyrir bættum kjörum launafólks á Íslandi
- Formaður SAMSTÖDU-Reykjavík í Silfrinu
- Góður fundur um fjármálastefnuna og framtíðina í gærkvöldi

## Eldra efni

- May 2012
- April 2012
- March 2012
- February 2012

## Tilkynningar um ný skrif

Hér getur þú skráð þig á póstlista og fengið tilkynningar í hvert skipti sem við setjum nýtt efni á vefinn.

Your email:

Í 67. gr. er rætt um þjóðaratkvæðagreiðslur en þar eru útilokaðar atkvæðagreiðslur um fjárlög, fjáráukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum, lög um skattamálefni og ríkisborgararétt. Þessi afstaða er í skýrri andstöðu við grundvallarstefnuskrá SFLV sem gerir ráð fyrir að öll mál séu tæk til þjóðaratkvæðagreiðslu krefjist 10% kjósenda þess.

Netfang: [samstada@xc.is](mailto:samstada@xc.is)

#### Eitt og annað til bóta

Þó svo að gefa verði þessu „frumvarpi“ falleinkunn í þeim grundvallarmálum sem nefnd eru hér að ofan er eitt og annað jákvætt í því. Í því sambandi má nefna að þjóðinni er ætlaður málskotsréttur: Gert er ráð fyrir að 10% kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt (sbr. 65. gr.). Auk þess er kveðið á um í „frumvarpinu“ að tveir af hundraði kjósenda, eða um 2500 manns, geti lagt fram þingmál á Alþingi og tíu af hundraði kjósenda geti lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi (sbr. 66. gr.). Þetta er til bóta en nægir ekki í ljósi þeirra takmarkana á lýðræði sem raktar eru hér að ofan.

Höfundur er sviðsstjóri

[Synes godt om](#)

9 personer synes godt om dette.